



13. september 2022

Tillaga Viðreisnar um áætlanagerð er varðar kannanir meðal starfsmanna á starfsumhverfi, líðan, samskiptum og vinnuaðstöðu með púlsmælingum.

Tillaga Viðreisnar um starfsmannakannanir með púlsmælingum

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að gera áætlanir um kannanir meðal starfsmanna á starfsumhverfi, líðan, samskiptum og vinnuaðstöðu með púlsmælingum. Markmið púlsmælinga er að lækka starfsmannaveltu til þess að draga úr kostnaði og viðhalda í þekkingu núverandi starfsmanna en ekki síður til þess að greina tækifæri til þess að bæta líðan, auka afköst og greina tækifæri til starfsþróunar. Þá má nýta niðurstöður til þess að greina tækifæri til þjálfunar og endurmenntun starfsmanna annars vegar og markvissarar og einstaklingsmiðaðra tækifæra til stjórnendabjálfunar.

Sé ekki til þekking meðal stjórnenda eða mannauðsþeim Garðabæjar í púlsmælingum þá skuli ráðgjafi fenginn til aðstoðar við þessa áætlanagerð.

Greinargerð

Starfsmenn eru Garðabæ mikilvægir og nauðsynlegt að huga að mannauðsmálum með nýstárlegum aðferðum til þess að tryggja þróun starfsumhverfis. Púlsmælingar eru framkvæmdar reglulega, til dæmis mánaðarlega. Með áþreifanlegum gögnum er hægt að fara í mikilvægan og verðmætan samanburð milli stofnanna eða tímabila til þess að sjá árangur inngrípa eða stuðnings.

Með reglulegum og skipulögðum könnunum meðal starfsmanna má greina vandamál fyrr og stíga inn í áður en þau skapa óþarfa kostnað eða tími þeirra fer til spillis. Stjórnendur sjá tækifæri til úrbóta í eigin störfum og hvar endurmenntun henti þeim best til þess að ná betri tökum á starfi sínu.

Það er trú okkar í Viðreisn að púlsmælingar gætu reynst mikilvægt tæki til þess að halda aftur af kostnaði, minnka starfsmannaveltu, auka ánægju starfsmanna og halda áfram að laða að hæft starfsfólk til Garðabæjar.